# Skólanámskrá

**Bekkur: 7. bekkur**

**Námsgrein: Danska**

***Ábyrgð***
***Virðing***
***Vellíðan***

| Námsflokkur | Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti: | Kennslufyrirkomulag<br>leiðir að viðmiðum | Námsefni | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| ***Hlustun*** | • skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.<br>• fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingar í eigin verkefni.<br>• fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglinga og greint frá því helsta. | Innlögn.<br>Verkefnavinna.<br>Hópavinna.<br>Einstaklingsvinna.<br>Vinna í kennslubókum.<br>Skapandi starf.<br>Samvinna.<br>Gagnvirk vinna á vef.<br>Vinna á spjaldtölvum.<br>Áhugasviðsvinna.<br>Útikennsla. | Ýmsar kennslubækur.<br>Rafræn verkefni.<br>Heimildir af veraldarvefnum.<br>STEM-verkefni.<br>Ljósrit.<br>Bækur af bókasafni.<br>Dagblöð og tímarit. | Próf.<br>Sjálfsmat.<br>Símat.<br>Foreldramat.<br><br>Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D. |
| ***Lesskilningur*** | • skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.<br>• fundið upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu. | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga.<br>• rætt efni einfalds texta með stuðningi kennara eða skólasystkina. | | | |
| ***Samskipti*** | • spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.<br>• skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.<br>• tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. | | | |
| ***Frásögn*** | • sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánast umhverfi á einfaldan hátt.<br>• endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.<br>• flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa. | | | |
| ***Ritun*** | • skrifað texta með orðforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.<br>• lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.<br>• skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst. | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ***Menningarlæsi*** | • sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða.<br>• sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra.<br>• sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir. | | | |
| ***Námshæfni*** | • beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur.<br>• tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.<br>• tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.<br>• nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar. | | | |